

Túlkunin

Það er ekki ofsögum sagt, að þeir Michelangeli og Giulini hafi hitt naglann á höfuðið, með þessum flutningi á 1. Konsert Beethovens. Upptakan er gerð í sjónvarpssal í Vinarborg, 21. september 1979. Hún er í flokki „lifandi“ platna, sem Deutsche Grammophon hefur verið að gefa út, upp á síðkastið.

Oneitanlega biður konsertinn upp á sjálfsprottina og tilfinningarika túlkun, óháð aðstæðum. Verkið er fullt af þeim byltlingarkennda anda, sem stormaði í Evrópu í byrjun 19. aldarinnar, og gegnsýrði tónlist Beethovens á þessum tíma. An efa má hér finna skýringuna fyrir vali tvímenninganna á verkinu, til konsertflutnings frammi fyrir áheyrendum. Það gefur afburðartúlkendum frábært tækifæri á endursköpun, hvað túlkun varðar.


Hitt er öruggt, að sem „lifandi“ tónlist er 1. Planókonsert Beethovens, í höndum Arturo Benedetti Michelangeli, eitt hvað meira en sjálfsprottinn stúdíóflutningur. Hér er nánast um endurfrumflutning að ræða, svo fersk og stórhuga er þessi túlkun.

Frelsið sem Carlo Maria Giulini og Michelangeli leyfa sér umfram hefðbundna framsetningu konsertsins, er einkum fólgið í lengdri útgáfu. Kadensan er eftir Beethoven, en aukin og varieruð, þannig að fyrsti kafli konsertsins verður mun lengri en ella. Þessi breyting mun vera eftir Beethoven, en ekki virðist hún hafa átt upp á pallborðið hjá þeim síðari pianóleikurum, kannski vegna þess að hún breytir heildarstrúktúr verksins. Þessi aukning hljómar því líkt og væri maður að hlusta á konsertinn í fyrsta sinn.



Og reyndar er maður að hlusta á 1. Konsertinn í „fyrsta“ sinn þótt hann hljómi kunnulega. Fyrir því sér Michelangeli, með því að skapa andrúmsloft sem gagntekur hlustandann. Það er einhver óþoli í hinu kristalstæra spili, sem leiðir hugann ósjálfrátt að uppruna verksins. Kannski var það ekki svona sem konsertinn hljómaði í fyrsta sinn, undan fingrum Beethovens, en Michelangeli fær mann til að trúá því, að þannig hafi hann hljómað.

Að endurvekja þannig, næstum 200 ára gamalt verk og draga fram byltingarkennt eðli þess, svo að hlustandinn skynji það tilfinningalega sem lifandi formbrot (iconoclasma), er nægjanleg einkunn til handa pianóleikaranum. Það má vera, að menn kjósi fremur túlkun Brendels, Gilels eða Solomons, einkum ef tillit er tekið til þess, að þessi plata er tekin upp í sjónvarpssal. En vilji menn uppgötva verk, sem þeir telja sig hafa þekkt vel og kynnst því á nýjan hátt, hljóta þeir að velja túlkun Michelangelis og Sinfóníuhljómsveitar Vinarborgar, undir stjórn Giulinis.



Halldór Björn hælir FÍM-sýningunni en segir sýningarnefndina mega vara sig á að falla ekki aftur í fyrri stöðnun.

beiningar, veit ég ekki nema hugsunin að baki verkunum, sé of löðin og losaraleg.

Vefmynd Mariu Kjarval vakti athygli mína, en hún var mjög illa staðsett á ganginum.

Millikynslöðin

Millikynslöðin sýndi ekki eins ferskar hliðar á sér. Setja má að þar ríki enn, of mikil áhrif frá poppinu gamla. Þótt ýmislegt sé vel af hendi leyst, svo sem verk Stefáns Geirs, vantar eitthvert innra líf í þetta pródukt. Það fellur um of, við frekari kynningu.

Þessara vandkvæða gætir einnig að nokkru leyti í jafn vel unnum verkum og þeirra Arna Páls og Magnúsar Kjartanssonar. Þótt þeir hafi ríka tilfinningu fyrir efni og tækni, eru verk þeirra ekki laus við maníerisma síð-poppara. Þar skortir þá hættu, sem persónulegri tjáning mundi færa þeim. Flínkheitin eru hér of ríkur þáttur.

Stór mynd Guðbergs Auðunssonar, er tilraun til að brjóta út úr þessari hefð, en vantar kannski meiri snerpu. Amar Herbertsson er of háður myndheimi Errós og sambræðsla hans á poppi og surrealisma, gengur illa upp. Þá eru teikningar Sigurðar Örlygssonar, all vandræðalegar og skortir þá festu, sem hann sýndi í Djúpinu.

Aftur á móti sýnir Rúna Gísladóttir góð og lifleg tilbrif, með þremur akrylmyndum

sínum. Helgi Gíslason fæst við skemmtilegar hugmyndir í bronsmyndum sínum, með áherslu á smæð verkanna. Þá er Leifur Breiðfjörð vel kymtur sem endranær, þar sem hann sýnir tvær glermyndir, skemmtilega unnar.

Ágætlega heppnað

Að lokum er svo eldri kynslöð listamanna, nokkuð vel kynnt, þótt allt séu þetta menn í fullu fjöri og enn ungir að árum. Einar Baldvinsson og Jóhannes Geirfinnsson, sýna hefðbundnar en vel máláðar myndir, líkt og þeirra var von og visa. Einar Þorláksson er með fjórar, mjög skemmtilegar akryl-myndir á pappír og Sveinn Björnsson sýnir tvö olíumálverk, málud í hinum draumkennda og expressjóníska stíl, sem einkennir bestu málverk hans.

Þá sýnir Örlygur Sigurðsson tvö málverk, full af þeim karikatúríska svip, sem speglast als staðar í kaffihúsaðstíl, þessa lífsgláða málara.

Í heild sinni, er sýning FÍM, ágæt og vel heppnuð. Þó mega þeir félagar í sýningarnefnd, vara sig á að falla ekki aftur í fyrri stöðnun. Orn Þorsteinsson, formaður sýningarnefndar, er maður í stöðugri sókn, eins og fram kemur í teikningum sem hann sýnir og eru afbragðs góðar. Honum ætti því ekki að verða skotaskuld úr því, að upphuga, enn frekari leiðir til endurnýjunar sýningarhalds.



Föstudagur: Svikamylla (Rough Cut)

Fyndin og spennandi mynd frá Paramount. Myndin fjallar um demantarán og svik sem því fylgja.

Aðalhlutverk: Burt Reynolds, Lesley-Ann Down, David Niven
Leikstjóri: Donald Siegel
Sýnd kl. 5, 7 og 9

Partizan

Mjög spennandi og sannsöguleg mynd um baráttu skæru-líða í síðari heimsstyrjöldinni.

Aðalhlutverk: Rod Taylor, Adam West.
Endursýnd kl. 11.15
Bönnuð innan 16 ára.

Laugardagur: Svikamylla

Kl. 5, 7 og 9

Partizan

Kl. 11.15

Sunnudagur: Svikamylla

Kl. 5, 7 og 9.

Partizan

Kl. 11.15

Mánudagur: Skógarferð

(Picnic at Hanging Rock)
Sýnd kl. 5 og 9.15
Sýnd vegna fjölda áskorana, en aðeins þennan eina dag.



Rommí

föstudag uppselt
miðvikudag kl. 20.30

Jói

laugardag uppselt
þriðjudag kl. 20.30

Barn í garðinum

sunnudag kl. 20.30
aðeins örfáar sýningar

Miðasala í Iðnó kl. 14 — 20.30

sími 16620

REVIAN SKORNIR SKAMMTAR MIDNÆTURSÝNING AUSTURBÆJARBÍÓI LAUGARDAG KL. 23.30

Miðasala í Austurbæjarbíó kl. 16 — 21.
Sími 11384



Hótel Paradís

5. sýning í kvöld kl. 20.
Uppselt.
Blá aðgangskort gilda.
6. sýning laugardag kl. 20.
Uppselt.
7. sýning sunnudag kl. 20.

Litla sviðið:

Ástarsaga aldarinnar
sunnudag kl. 20.30.

Miðasala 13.15—20.
Sími 1-1200.



Nakta sprengjan

Ný, smellin og bráðfyndin bandarísk gamanmynd. Spæjari 86 öðru nafni Maxwell Smart, er gefinn 48 stunda frestur til að forða því að KAOS varpi „Nektar sprengju“ yfir allan heiminn. Myndin er byggð á hugmyndum Mel Brooks og framleiðandi er Jennings Lang.

Aðalhlutverk: Don Adams, Silvia Kristel
Sýnd kl. 5, 7 og 9.



Bláa lónið (The Blue Lagoon)



Íslenskur texti Afarskemmtileg ný amerísk úrvalskvikmynd í litum.

Leikstjóri: Randal Kleiser.

Aðalhlutverk: Brooke Shields, Leo McKern, William Daniels, Christopher Atkins.

Mynd þessi hefur allstaðar verið sýnd við metaðsókn. Sýnd laugard. og sunnud. kl. 3, 5, 7, 9 og 11.



9 til 5



Létt og fjörug gamanmynd um þrjár konur er dreymir um að jafna ærlega um yfirmann sinn, sem er ekki alveg á sömu skoðun og þær er varðar jafnrétti á skrifstofunni. Mynd fyrir alla fjölskylduna. Hækkad verð.

Aðalhlutverk: Jane Fonda, Lily Tomlin og Dolly Parton.
Sýnd kl. 5, 7.15 og 9.30.

Ast við fyrsta bit

Hin sprenglæglega leðurblökumynd með George Hammetton, ásamt vinum hans Ferguson foringja, Vasaljósalanum og Bófanum í lyftunni. Sýnd kl. 3. Venjulegt verð. Síðustu sýningar sunnudag.



Salur A Cannonball Run

BURT REYNOLDS
ROGER MOORE
FARRAH FAWCETT
DOM DELUISE



THE CANNONBALL RUN It's coast

Frábær gamanmynd, eldfjörug frá byrjun til enda. Viða frumsýnd núna við metaðsókn. Leikstjóri: Hal Needham Íslenskur texti. Sýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11.

Salur B

Morðsaga



Myndin sem ruddi veginn Bönnuð börnum Endursýnd kl. 3,05-5,05-7,05-9,05 og 11,05

Salur C

Stóri Jack



Hörkuspennandi og viðurbærð Panavision-litmynd, ekta „Vestri“ með John Wayne — Richard Boone Íslenskur texti Bönnuð innan 14 ára Endursýnd kl. 3,10-5,10-7,10-9,10 og 11,10

Salur D

Þjónn sem segir sex



Fjörug, skemmtileg og djörf ensk litmynd með Jack Wild — Diana Dors Íslenskur texti Endursýnd kl. 3,15-5,15-7,15-9,15 og 11,15